

## Aðalfundur Ungmennafélags Tindastóls (UMFT)

Var haldinn þann 18. maí 2020 kl. 17:00.

### 1. Formaður setur fundinn

Jón Kolbeinn Jónsson formaður setti aðalfund Tindastóls kl. 17:10 og bauð félagsmenn og gesti velkomna.

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Jón Kolbeinn tilnefndi Einarínu Einarsdóttir fundarstjóra sem var samþykkt og Thelmu Knútsdóttir sem ritara sem var samþykkt.

### 3. Skýrsla stjórnar

Jón Kolbeinn las skýrslu stjórnar.

### 4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar

Reikningar voru lagðir fram og samþykktir.  
Spurt var um bifreið og ofgreiðslu til ÍR.

### 5. Lagabreytingar

Engar breytingar á lögum voru lagðar fram fyrir fundinn. En lagðar voru fram heildarbreytingar á lögum Ungmennafélags Tindastóls af formönnum deildar félagsins á fundinum og var það samþykkt að 2/3 félagsmönnum fundarins.

Lögin voru síðan lögð fram hver grein fyrir sig og samþykkt eða samþykkt með áorðnum breytingum.

### 6. Ákvörðun árgjalda

Samþykkt var að árgjöld yrðu þau sömu og síðustu ár 3.500 kr. innheimt með valgreiðslu í heimabanka.

### 7. Kosning formanns, fjögurra manna í stjórn, þriggja varamanna í stjórn og tveggja skoðunarmanna

Formaður og stjórn UMFT gáfu ekki kost á sér í áframhaldandi stjórnarsetu og mun framhalds aðalfundur vera haldin innan þriggja vikna. Samkvæmt nýjum lögum UMFT er leit hafin af nýjum formanni og gjaldkera fyrir félagið. Meðstjórnendur verða formenn deilda innan UMFT eða fulltrúi þeirra.

## 8. Önnur mál

Starfsmannabíkar UMFT var afhentur Helgu Dóru Lúðvíksdóttir fyrir hennar störf innan félagsins.

Stofnun nýrrar deildar Rafíþróttadeild Tindastól. Forsvarsmenn hennar kynntu starfið og hvað er framundan.

Fundi slitið kl. 20:00

(boða þarf framhaldsfund innan þriggja vikna).